

VT LOK1012

LOKAVERKEFNI

20 ECTS

Ár:	4. ár.
Önn:	Haustönn / Vorönn.
Stig námskeiðs:	Grunnnám, sérhæft námskeið / Framhaldsnám, grunnnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið OVT.
Undanfarar:	Sex annir í OVT. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 174 ECTS einingum til að mega skrá sig í lokaverkefni.
Skipulag:	Nemendur vinna sjálfstætt í 15 vikur, í samráði við leiðbeinanda. Reglulegir fundir nemanda með kennara og leiðbeinendum, sjá <i>Reglur um lokaverkefni í tæknifræði</i> .
Umsjónarkennari:	Indriði Sævar Ríkharðsson.
Kennari:	Birt í Canvas (kennslukerfi HR). Leiðbeinendur úr atvinnulífinu.

Lærdómsviðmið: Gert er ráð fyrir að nemandi hafi að námskeiðinu loknu eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

- Hafi beitt aðferðum tæknifræðinnar við lausn umfangsmikilla verkefna á sviði vélahönnunar eða orkukerfa.
- Læri að tileinka sér sjálfstæð og markviss vinnubrögð við úrlausn raunhæfra hönnunarverkefna og/eða rannsóknarverkefna á fagsviðinu.
- Fái heildaryfirsýn yfir fagið með samþættingu námsgreina þar sem þeir beita þekkingu úr mörgum námsgreinum vél- og orkutæknifræðinnar.
- Geti kynnt niðurstöður hönnunar og/eða rannsókna á skýran og greinargóðan hátt, bæði skriflega og munnlega.

Lýsing: Hönnunar- eða rannsóknarverkefni, valið í samráði við umsjónarkennara. Verkefni eru að öllu jöfnu valin úr vél og orkutækni sviði íslensks atvinnulífs. Áhersla er lögð á skipuleg og tæknileg vinnubrögð við gagnasöfnun og skilgreiningu markmiða, skilgreiningu vandamála, lausnaleit, úrvinnslu, skýrslugerð og teikningu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Nemandi hefur 15 vikur til að ljúka verkefninu. Verkefnið er kynnt og varið munnlega, að viðstöddum umsjónarkennara, leiðbeinendum og prófdómara utan skólans. Sjá *Reglur um lokaverkefni í tæknifræði*.

Lesefni: Birt í námskeiðinu í Canvas. Leiðbeinendur vísa á lesefni.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna sjálfstætt í 15 vikur, í samráði við leiðbeinanda. Reglulegir fundir með umsjónarkennara og öðrum leiðbeinendum.

Námsmat: Einkunn fyrir úrlausn verkefnis, kynningu þess og munnlega vörn gildir 100%. Sjá nánar í reglum um lokaverkefni.

Tungumál: Íslenska.